

Hagnaður Lánasjóðs sveitarfélaga 916 m.kr. á fyrri hluta ársins 2023

Hagnaður Lánasjóðs sveitarfélaga nam 916 milljónum króna á fyrri árhelmingi 2023 samanborið við 554 milljónir króna á sama tímabili árið 2022. Breyting á milli ára skýrist aðallega af betri ávöxtun eigin fjár og fjáreigna á gangvirðri vegna hækkun vaxta á tímabilinu.

Heildareignir Lánasjóðsins þann 30. júní voru 193 milljarðar króna samanborið við 181 milljarða króna í árslok 2022. Heildarútlán sjóðsins námu 183 milljörðum króna samanborið við 170 milljarða króna í árslok 2022. Ný útlán á fyrstu 6 mánuðum ársins námu 12 milljörðum króna.

Markaðsverðmæti verðbréfaútgáfu á fyrri hluta ársins var 11 milljarðar króna en var 4 milljarðar króna á sama tíma í fyrra. Lánasjóðurinn endurskoðaði útgáfuáætlun sína fyrir árið í apríl 2023. Upphafleg útgáfuáætlun gerði ráð fyrir heildarútgáfu að fjárhæð 22 - 28 milljörðum króna fyrir árið 2023. Endurskoðuð útgáfuáætlun gerir ráð fyrir heildarútgáfu að fjárhæð 18 - 24 milljörðum króna.

Eigið fé Lánasjóðsins nam 21,8 milljörðum króna á móti 20,9 milljörðum króna í árslok 2022. Vegið eiginfjárlutfall Lánasjóðsins er 579% miðað við stöðu útlána þann 30. júní og var 537% í árslok 2022, með fullri mildun samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki.

Á aðalfundi sjóðsins þann 31. mars síðastliðinn var ákveðið að greiða ekki arð til hluthafa vegna afkomu ársins 2022 til að styrkja stöðu sjóðsins, viðhalda kaupmætti og tryggja vöxt eigin fjár.

Rekstur fyrstu 6 mánaða ársins	1.1.-30.6.23	1.1.-30.6.22	1.1.-30.6.21
Hreinar vaxtatekjur.....	804	611	341
Aðrar rekstrartekjur	245	69	24
Almennur rekstrarkostnaður.....	133	127	117
Hagnaður tímabilsins.....	916	553	248
Efnahagur í lok tímabils	30.jún.23	30.06.22	30.06.21
Handbært fé.....	712	842	288
Ríkisbréf og ríkisvixlar.....	7.055	6.818	3.835
Markaðsverðbréf.....	1.703	164	2.904
Útlán og kröfur.....	183.278	164.948	152.429
Aðrar eignir.....	493	237	51
Eignir samtals.....	193.241	173.009	159.506
Verðbréfaútgáfa.....	169.890	150.838	138.208
Aðrar lántökur.....	1.259	1.907	1.892
Aðrar skuldir og skuldbindingar.....	318	113	97
Skuldir samtals.....	171.467	152.858	140.196
Eigið fé.....	21.774	20.151	19.310
CAD- hlutfall m/hefðbundinni mildun.....	54%	56%	54%
CAD- hlutfall m/fullri mildun.....	579%	643%	336%

Framtíðarhorfur

Lánasjóðurinn mun starfa í meginatriðum líkt og undanfarin ár þar sem unnið hefur verið að eflingu á starfsemi hans og aukinni þjónustu við sveitarfélögin með því að nýta gott lánstraust sjóðsins til að útvega sveitarfélögunum lánsfé á hagstæðum kjörum.

Nánari upplýsingar veitir: Óttar Guðjónsson, framkvæmdastjóri, s. 515 4949.